

✉ Deiliskipulag um Vatnsendahvarf - umsögn NÍ

Búið til	20.4.2022 15:46:37
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	20.4.2022 15:46:36
Tilheyrir	📁 202203-0040 - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf, deiliskipulag

Efni

Deiliskipulag um Vatnsendahvarf - umsögn NÍ

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	20.4.2022 15:46:36	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NÍ (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@kopavogur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202203-0040 (SS).

Vísað er til bréfs frá skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 10. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna gerð deiliskipulagsins þann 25. maí 2021. Í umsögninni kom fram að um raskað svæði með frekar lítið verndargildi væri að ræða.

Náttúrufræðistofnun lagði til að gerð yrði könnun á náttúrufari, einkum fuglalífi og gróðurfari. Þá var bent á að plöntutegundin blátoppa, sem er á valista Náttúrufræðistofnunar frá 2018, myndist á svæðinu. Haustið 2021 var blátoppa friðlýst samkvæmt auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Kópavogsbær leitaði til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna úttektar á gróðurfari og fuglalífi og fór hún fram sumarið 2021 eins og fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar. Samkvæmt úttektinni er fuglalíf á svæðinu fábreytt. Gróðurfari er að stórum hluta með lágt verndargildi, einkum tún og alaskalúpína.

Hins vegar eru votlendis- og mólendisblettir og nokkrir fundarstaðir blátoppu sem forðast ætti að raska. Í úttektinni voru lögð til svæði þar sem blátoppa finnst sem lagt var til að fella inn í opin svæði í deiliskipulagstillögu frekar en að raska.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni verður stærstum hluta svæðisins raskað fyrir byggingarreiti og götur. Í kafla um gróður á bls. 32 kemur fram að lögð verði áhersla á að vernda vaxtarsvæði blátoppu eftir fremsta megni, bæði á framkvæmdatíma og til lengri tíma. Miðað við staðsetningu opinna svæða á skipulagsupprættinum virðast vaxtarstaðir blátoppu í norðausturhorni skipulagssvæðisins lenda inni á opnu svæði og eitthvað af vaxtarstöðum vestast á skipulagssvæðinu en þó ekki allir. Lagt er til í þeim tilfellum sem vaxtarstöðum er raskað að torfur með blátoppu séu færðar til innan svæðisins og komið fyrir á opnum svæðum, helst innan um annan mólendisgróður.

Stefnt er að því að fjarlægja þekju alaskalúpínu og skógarkerfils innan deiliskipulagssvæðisins til að hefta útbreiðslu þessara framandi ágengu tegunda. Það er jákvætt og sérstaklega mikilvægt í kringum vaxtarstaði blátoppu.

Mælt er með að hlífa og/eða nýta grágrýtishnullunga af svæðinu við landslagsmótun á opnum svæðum eins og við á. Grágrýtisurðin á Arnarneshæð hefur verndargildi, ekki síst vegna fræðslugildis. Einungis lítill hluti hennar lendir þó innan skipulagssvæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (5 KB)